

**Vildum efla samstöðuna**  
 Rætt við Þórstein Ragnarsson, formann KGSÍ

**Sögutorg í Höskuldsstaðakirkjugarði**  
 Rætt við Björg Bjarnadóttur, formann sóknarnefndar

**Þróunarstarf í hálfu öld**  
 Viðtal við Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt

**Hin týnda gröf skáldsins**  
 Sagt frá fundi grafar Páls Ólafssonar í Hólavallagarði



## ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:  
hleðslukassi úr áli  
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225  
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm  
Þyngd: 38 kg

## BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylýni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

## Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

## K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.  
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

## RölTec vatnspóstar



## Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant  
til í meðfylgjandi stærðum:  
65 x 30 cm ferhyrndur  
60 x 40 cm ferhyrndur  
40 x 30 cm ferhyrndur  
50 x 30 cm rúnnaður

# Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

[www.bentzenas.no](http://www.bentzenas.no)



#### Helsti búnaður:

Fjór hjólastýrð  
30km hámarkshraði  
Fjaðrandi gálgi  
Hraðtengi  
Skófla  
Gaflar

## KRAMER 5065



REYKJAVÍK:  
Krókháls 16  
Sími 568-1500

AKUREYRI:  
Baldursnes 8  
Sími 568-1555

Vefsíða og  
netverslun:  
[www.thor.is](http://www.thor.is)



Kæri lesandi!

Tíminn er undarlegur. Hann mjakast áfram á köflum og tekur síðan viðbragð og þýtur áfram nánast stjórnlaust og án tillits til þess hvort við þurfum meira eða minna af honum. Rómverjar sögðu forðum: „Tempus fugit“ eða „tíminn flýr“ og voru þá að hvetja til þess að menn notuðu hann vel og bættu þá við „Carpe diem“ eða „griptu daginn“ bæði til að hvetja til iðjusemi og einnig til að vara við óáreiðanleika tímans og hversu ótraust er að stóla á hann.

Hverfum tæplega 26 ár aftur í tímann. Í júní 1995 komu til Akureyrar einbeittir 20 einstaklingar frá kirkjugörðum víðsvegar að til að ræða hvort grundvöllur væri fyrir stofnun sambands kirkjugarða á landinu. Niðurstaða fundarins var sú að stofnun sambands kirkjugarða væri ekki einungis vel framkvæmanleg heldur nauðsynleg fyrir málaflokkinn. Þar var ákveðið að stofna kirkjugarðasamband í Reykjavík seinna um árið og fá alla stærstu kirkjugarða landsins í bandalag um að standa vörð um hagsmuni garðanna.

Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var síðan stofnað í desember 1995 eftir nokkra undirbúningsvinnu, sem meðal annars fólst í því að kanna þörf á slíku sambandi hér á landi. Í júní á þessu ári verða liðin 26 ár frá undirbúningsfundi og í desember frá stofnun KGSÍ.

Frá stofnun KGSÍ hefur margt verið gert og margt áunnist sem ekki verður rakið hér en óhætt er að segja að við sem stóðum í eldlínunni „gripum daginn“ og létum tímann ekki komast upp með að flýja frá okkur án þess að nýta hann vel.

Að undanfögnu hafa mætt okkur innan KGSÍ erfiðleikar sem faraldurinn hefur valdið um gjörvallan heim. Hann hefur haft mikil áhrif á hefðbundin störf innan KGSÍ eins og annarra félagasamtaka. Vegna fjöldatakmarkana þurftum við að fresta aðalfundi í fyrra, fyrst um vorið og síðan aftur um haustið. Í fyrravor samþykkti stjórnin ársreikning 2019 og sendi hann til félagsmanna ásamt skýrslu stjórnar. Fyrr á árinu var áformað að halda aðalfund KGSÍ á Laugarbakka í Miðfirði laugardaginn 29. maí nk. Samkvæmt tilkynningu frá sóttvarnarlækni nú í maí 2021 er ekki enn talið ráðlegt að efna til funda með þátttöku fólks víðsvegar að af landinu. **Fundinum verður því haldinn 18. september nk. á Hótel Laugarbakka.** Á þeim fundi verður gerð grein fyrir ársreikningum sambandsins 2019 og 2020 og þeir ræddir og afgreiddir. Þann 17. maí nk. mun stjórn KGSÍ fara yfir ársreikning 2020



Þáttakendur á undirbúningsfundi vegna stofnunar kirkjugarðasambands á Akureyri dagana 10. og 11. júní 1995. Aftasta röð f.v.: Ástráður Magnússon, Holger Hansen, Þjóðbjörn Hanneson, Ásgeir Hallsson, Gunnar H. Lórensson, Jóhannes Pálmason, Þórsteinn Ragnarsson, Jóhann S. Björnsson. Önnur röð f.v.: Sigurður Arnórsson, Hermann Larsen, Einar Sæmundsen, Arnór L. Pálsson, Anna María Kristjánsdóttir, Friðsemd Hannesdóttir. Fyrsta röð f.v.: Ólafur Þ. Guðmundsson, Hjörtur Tryggvason, Benedikt Ólafsson, Gestur Jónsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurjón Jónasson.

ásamt endurskoðanda og verður hann sendur út til félagsmanna í kjölfarið ásamt ársskýrslu sambandsins. Við öll gerum ráð fyrir að félagslíf verði komið í eðlilegt horf hér á landi í haust og þá verði óhætt að koma saman á þann hátt sem við höfum gert undanfarin 25 ár. Ég hvet því alla sem tók hafa á að taka frá þessa helgi og leggja land undir fót norður í Miðfjörð 18. september nk.

Stjórn KGSÍ hefur þrútt fyrir faraldurinn getað haldið fundi reglulega (oft fjarfundi) á þessum undarlega tíma og afgreitt þau mál sem tengd eru KGSÍ. Ég vona að eftir félagslega lægð muni menn ná vopnum sínum og snúa bókum saman og vinna að þeim brýnu málefnum sem tilheyra þessum málaflökki. Ég vil nefna hér þrjú meginmál sem eru nú jafn þýðingarmikil og þau voru við stofnun KGSÍ árið 1995. Þessi verkefni biða eftir áhugasömum einstaklingum sem eru með félagslegan starfsvilja:

1. Að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmuni þeirra.
2. Að koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum og gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála.
3. Að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða, í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ.

# Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð,  
Gufuneskirkjugarð, Fossvogskirkjugarð,  
Sólland og Kópavogskirkjugarð

Upplýsingar frá kl. 9 - 16 alla virka daga  
nema föstudaga frá 9 - 12  
í síma 585 2700 og 585 2770



- Bálfararbeiðni
- Skipulag útfarar
- Æviágrip í Legstaðaskrá

[www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)

# Vildum efla samstöðuna

Rætt við Þórstein Ragnarsson, formann Kirkjugarðasambands Íslands en aldarfjórðungur er liðinn frá stofnun þess

Í lok síðasta árs voru 25 ár liðin frá stofnun Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) en það var sett á laggirnar í desember 1995. Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma hefur verið formaður sambandsins frá upphafi en hann var aðalhvatamaðurinn að stofnun þess á sínum tíma. KGSÍ stendur því á tímamótum um þessar mundir en það gerir einnig Þórsteinn sem hugar að starfslokum eftir langa tíð í erilsömum störfum. Áður en lengra er haldið innum við Þórstein eftir ætt og uppruna að góðum íslenskum sið.

„Ég er fæddur á Akureyri, en foreldrar mínir voru Ragnar Fjalar Lárusson prófastur og Herdís Helgadóttir hjúkrunarfræðingur en þau eru bæði látin. Ég og eldri systir mín og foreldrar bjuggum hjá móðurömmu og afa á Akureyri fyrsta árið en næstu 3 árin á Hofsósi og á Siglufirði frá 1955 til 1967. Að loknum grunnskóla settist ég á skólabeck í MA vorið 1967 en um næstu áramót flutti fjölskyldan suður og við tók nám í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég settist í guðfræðideild HÍ að loknu stúdentsprófi og lauk embættisprófi árið 1978. Það var nægu að sinna á þessum árum en ég varð faðir mjög ungur og þurfti því að vinna með náminu. Ég er kvæntur Elsu Guðmundsdóttur, fyrrverandi bankaritara og eigum við fjórar uppkomnar dætur og 13 barnabörn.“

## Prestur í Skagafirði

Þórsteinn vígðist sem sóknarprestur til Miklabæjar í Skagafirði en þar höfðu áður gegnt þjónustu langafi hans Björn Jónsson, (1858-1924) og föðurafi, Lárus Arnórsson (1895-1962). Þess má geta að Þórsteinn er 5. liður í beinan karlegg sem er prestsvígður: Þórsteinn – Ragnar – Lárus á Miklabæ – Arnór á Hesti í Borgarfirði og Þorlákur á Undirfelli í Vatnsdal.

„Við Elsa hófum búskap á Miklabæ og dvöldum þar í sex ár. Þetta var viðburðaríkur tími. Við stunduðum þar hefðbundinn búskap og vorum með um 150 fjár og 30-40 hross og að auki 20 naut á hverju ári til kjötframleiðslu. Það var mörgu að sinna við bústörfin en við endurrækt-



Presturinn og bóndinn á Miklabæ.

uðum jörðina, girtum slægjurnar af og byggðum 200 kinda fjárhús með véltæku haughúsi og 1.130 rúmmetra súgþurrkunarhlöðu. Ég sat í sveitarstjórn þessi ár og kenndi við grunnskólana í framanverðum Skagafirði. Í safnaðarstörfum var einnig nóg að gera en í prestakallinu voru fjórar sóknir: Hofsstaðir, Flugumýri, Miklibær og Silfrastaðir. Við hjónin eignuðumst marga vini í Skagafirði til lífstíðar en á þeim tíma voru um 60 bæir í prestakallinu. Þá þjónaði ég einnig um tíma Mælifellsprestakalli í leyfi Ágústs Sigurðssonar sem síðar var prestur í Kaupmannahöfn.“



„Stór hluti af starfi KGSÍ hefur frá upphafi verið að fá leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða bæði fyrir og eftir efnahagshrun 2008.“



Olíumálverk eftir Baltasar máluð fyrir Þórstein og Elsu um það leyti sem dvalið var á Miklabæ. Kirkjan var vígð 1973 og var hún teiknuð af Jörundi Pálssyni arkitekt.

Árið 1984 ventu þau hjón kvæði sínu í kross og fluttust til Reykjavíkur. „Þar réð ég mig sem deildarstjóri viðskipta hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og gegndi því starfi í um áratug. Meðfram því var ég einnig safnaðarprestur hjá Óháða söfnuðinum en safnaðarfólk var á þeim tíma rúmlega eitt þúsund og bjó víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Sr. Emil Björnsson stofnaði söfnuðinn 1950 og það voru nokkrar fjölskyldur sem héldu safnaðarstarfinu

gangandi þegar við Elsa komum þar að en almennt var lítil safnaðarvitund meðal skráðra safnaðarfélaga. Þar kynntust við hjónin traustu og góðu fólki. Það má segja að í prestsstarfinu hafi ég kynnst hinni kirkjulegu hlið kirkjugarðanna og í starfinu hjá RR viðskiptahliðinni. Þessi störf leiddu mig síðan til starfanna sem ég hef gegnt síðan. Á tímanum hjá RR dreif ég mig í viðskipta- og rekstrarnám í Háskóla Íslands og hefur það komið sér mjög vel í núverandi störfum.“

### Ráðinn forstjóri KGRP

Þórsteinn var svo ráðinn forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP) í ársbyrjun 1995. Meðfram því starfi gegndi hann einnig stöðu framkvæmdastjóra Útfararstofu kirkjugarðanna (ÚK), dótturfyrirtækis KGRP á árunum 1996-7.

„Hæstiréttur úrskurðaði haustið 1997 að þessi tilhögun væri hættuleg af samkeppnisástæðum og að KGRP gæti mögulega haft áhrif á val aðstandenda þegar útför var skipulögð. Einnig var talin hætta á að forstjóri KGRP gæti ekki greint á milli útgjalda KGRP og ÚK á þann veg að hann niðurgreiddi kostnað ÚK og skeykti þannig samkeppnisstöðuna. Þessi dómur reyndist mér persónulega mjög vel þar sem hann leysti mig frá viðbótarstarfi sem var ekki heppilegt fyrir forstjóra KGRP að sinna. Ekki vegna samkeppnismála heldur vegna of mikils álags. Þess má geta að árunum 1994 til 2016 greiddi ÚK arð til KGRP sem nam hundruðum milljóna króna. Vegferð peninganna var því ekki alveg í samræmi við hugmyndir



Elsa Guðmundsdóttir og Þórsteinn Ragnarsson. Myndin er tekin 2017.

stefnenda í samkeppnismálinu heldur þvert á móti streymdu þeir frá ÚK til KGRP og voru þar nýttir til samfélagslegra verkefna.“ Þórsteinn hefur frá því hann hóf störf hjá KGRP verið fulltrúi í stjórn norræna félagsins NFKK (Nordiska Förbundet för Kyrkogårdar och Krematorier) en tilgangur NFKK er að bera saman reynslu norrænu þjóðanna í sambandi við rekstur kirkjugarða og bálstofa og efna til funda, ráðstefna og námskeiða um þau málefni. Þá hefur hann reglulega sótt fundi innan evrópska bálfararsambandsins, ECN (European Cremation Network), sem fundar a.m.k. annað hvert ár miðsvæðis í Evrópu. Loks var hann í stjórn Nordisk Forum, norræns sambands um útfararmál, þegar hann stýrði Útfararstofu kirkjugarðanna.

### Stofnun KGSÍ

„Fljótlega eftir að ég kom til starfa sem forstjóri KGRP fann ég fyrir ákveðinni einangrun eða einsemd, þegar málefni kirkjugarða voru annar vegar. Ýmis aðkallandi sameiginleg verkefni voru fyrirbyggjandi á þeim vettvangi en engin skipulögð samstaða var fyrir hendi milli forsvarsmanna kirkjugarða og engar samræmdar aðgerðir voru mögulegar við þær aðstæður. Þessi brýnu verkefni voru einkum á sviði fjármála og minjaverndar en einnig mörg sameiginleg verkefni á sviði faglegra mála er varða þróun og umhirðu kirkjugarða. Við sem fórum af stað með stofnun landssambands 1995 vildum efla samstöðu hagsmunaaðila gagnvart m.a. ríkisvaldinu og þótt allt hafi ekki gengið sem skyldi höfum við náð ýmsum málum fram í krafti þeirrar samstöðu.“

Þórsteinn hafði forgöngu um að þeir aðilar sem héldu utan um rekstur stærstu kirkjugarðanna í landinu kæmu saman og úr varð að stofna KGSÍ haustið 1995 eins og áður sagði. Stjórn KGSÍ komst fljótlega að því að blaðaútgáfa á vegum sambandsins væri rökrétt framhald þessa samstarfs. Fyrsta tölublað Bautasteins kom út vorið 1996 og varð vettvangur umræðu um kirkjugarðamálefni hér á landi. Blaðið er sent alþingismönnum, oddvitum sveitarstjórna, prestum, sóknarnefndum og kirkjugarðsstjórnunum og auk þess fjölmörgum einstaklingum.

„Ekki svo að skilja að mér leiddist og verkefni hjá KGRP hafi verið af skornum skammti. Öðru nær, þar var í mörg horn að líta og mikið skipulags- og uppbyggingarstarf blasti við hjá fyrirtæki sem velti hundruðum milljóna, þjónaði 50% þjóðarinnar og var með starfsmannahald sem taldi rúmlega 60 stöðugildi á ársgrunni, þ.e. 32 fastráðnir starfsmenn og um 160 sumarstarfsmenn sem unnu 2,5 mán. yfir sumartímenn. Ég hef starfað víða og kynnst starfsaðstöðu og launamálum þar sem ég hef verið. Mér hefur verið umhugað um að starfsfólk KGRP væri metið að verðleikum og þar væri bæði góð vinnuástaða og einnig að launamál væru í góðu lagi. Fyrsta boðorð mitt í þeim efnun var að kynbundinn launamunur væri ekki innan stofnunarinnar og KGRP væri samkeppnisfær um vinnuafll,“ segir Þórsteinn.

„Varðandi áhuga minn fyrir stofnun landssambands kirkjugarða hef ég grun um að hann hafi stafað af reynslu minni á vettvangi fyrra starfs. Þegar ég vann hjá Raf-



magnsveitunni fann ég að á þeim vettvangi var virkt landsamband: Samband íslenskra rafveitna (SÍR). Þar komu fulltrúar frá hinum ýmsu rafveitum á landinu saman á aðalfundi og báru saman bækur sínar og ræddu málin. Ég sat marga slíka fundi og fannst mér þeir gera gagn bæði faglega og félagslega og koma heildinni til góða.“

Þórsteinn segir að nú styttest í starfslok hjá KGRP en það séu einkum tvö verkefni sem hann vilji vinna að fram að þeim tíma. „Ég vil stuðla að og reyna að tryggja að ný bálstofa og líkhús verði reist á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð innan 5-8 ára og samstæðan verði byggð og rekin af ríki, sveitarfélögum og kirkjugörðum landsins í formi sjálfseignarstofnunar. Framkvæmdastjórn KGRP hefur óskað eftir því að kirkjugarðaráð hafi forgöngu um að koma þessu verkefni á laggirnar með samkomulagi við ríki og sveitarfélög og er þegar hafinn undirbúningur þess. Hins vegar vil ég fylgja eftir byggingu þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði en byggingaframkvæmdir eru þar hafnar og stefnt er að því að vígja húsið um miðjan maí 2022.“

## Mikilvægir hagsmunir

Stór hluti af starfi KGSÍ hefur frá upphafi verið að fá leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða bæði fyrir og eftir efnahagshrun 2008. „Við náðum áfangasigri þegar gert var samkomulag við stjórnvöld um gjaldalíkan fyrir kirkjugarða og vel gekk að vinna eftir því í fjögur ár, frá 2005-2008. Eftir efnahagshrun hófust skerðingar og voru vinnubrögð fjármálaráðuneytisins með þeim hætti að einingaverðin voru skert beint en ekki reiknuð upp og framlagið síðan skert. Þetta gerði það að verkum að skerðingin er varanleg og er nú svo komið að á yfirstandandi ári vantar yfir 40% af réttu framlagi skv. óbreyttu gjaldalíkani.“

Þórsteinn segir að annar áfangasigur hafi náðst sl. sumar þegar lagaskyldu kirkjugarða, að greiða prestum þóknun vegna þjónustu við útfarir, var felld niður og kirkjugarðarnir héldu eftir um 85 m.kr. á ársgrunni. Hann segir að sú viðbót fari nú öll í grafarsjóð til kirkjugarða og geri þeim kleift að greiða verktökum sanngjarnari greiðslu fyrir grafartekt. Þó vanti enn töluvert á að hægt sé að greiða þeim skv. gildandi taxa.



*Tökum á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina

- Þjónusta um allt land og erlendis
- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallegt húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á

[utfor.is](http://utfor.is)

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

„Stjórn KGSÍ hefur reynt að fá ráðherra og alþingismenn til að taka á þessum málum og ritað hefur verið í blöð og rætt hefur verið við fréttamenn útvarps og sjónvarps um fjárhagserfiðleika kirkjugarða. Blaðið Bautasteinn, sem sendur er til allra alþingismanna og oddvita sveitarstjórna hefur reglulega rakið þessa erfiðleika. Sambandið verður að mínu mati að halda áfram að sýna fram á sláandi staðreyndir úr rekstri garðanna. Kirkjugarðaráð, stjórnir kirkjugarða og sóknarnefndir verða líka að taka höndum saman og halda áfram að vinna málefnalega og af eljusemi. Viðsemjandi verður ríkisvaldið næstu árin og þar eru það dómsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið sem halda á málum. Skipulag þessara mála tekur þó breytingum eins og flest annað og líklegt er að sveitarfélögin komi meira að þessum málum í náninni framtíð.“

### Horft um farinn veg

Þórsteinn Ragnarsson hefur hugað að starfslokum um tíma en hann verður sjötugur á hausti komanda en vegna verkefnastöðu hjá KGRP og KGSÍ stefnir hann að því að starfslok verði um mitt næsta ár. Hann segir að á aðalfundi KGSÍ vorið 2022 muni hann ekki gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður og biðja um lausn frá starfi forstjóra KGRP um svipað leyti.

„Þetta er búinn að vera frjór og skemmtilegur tími. Ég vil þakka gott samstarf við stjórnarfolk KGRP í gegnum tíðina og einnig vil ég þakka stjórnarmönnum KGSÍ frá



Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP og formaður KGSÍ. „Málefni kirkjugarða eru í raun og sann eilífðarverkefni og þeim líkur aldrei.“

upphafi og þeim fjölmörgu sem komu að stofnun sambandsins og framgangi þess. Þessir samstarfsmenn hafa ásamt mér borið hitann og þungann af starfi KGSÍ og reynst ötulir bandamenn. Þá vil ég einnig þakka frábæru starfsfólki hjá KGRP fyrir góða samvinnu í gegnum tíðina.

Helstu vonbrigði mín í starfi sem forstjóri KGRP er að ekki varð af byggingu þjónustubygginga á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð en þar var fyrirhuguð uppbygging svipuð þeirri og var í Fossvogi um miðja síðustu öld. Efnahagshrunið 2008 kippti fótum undan þeim áformum um hrið en líklegt er að þessi uppbygging verði að veruleika á næstu árum. Sem formaður KGSÍ hafa vonbrigðin hins vegar verið skeytingarleysi stjórnáslunnar við upplýsingum frá kirkjugarðageiranum, það að samkomulag um gjaldalíkan hefur ekki haldið og sú ósvinna að brýnt frumvarp um endurskoðun á lögum um kirkjugarða er látið liggja óhreyft í skúffum dómsmálaráðuneytisins í meira en áratug.

Það sem að innri málefnum KGSÍ snýr hafa það verið vonbrigði að kirkjugarðastjórnir hafa ekki sameinast innan prestakalla eins og stjórn KGSÍ hefur kvatt til mörg undanfarin ár. En allt hefur sinn tíma. Málefni kirkjugarða eru í raun og sann eilífðarverkefni og þeim líkur aldrei. Það eru því í farvatninu ærin verkefni og vandasöm fyrir þá sem taka við keflinu, bæði innan KGRP og KGSÍ. Það er von mín og ósk að vel takist til um val á starfsfólki í þessi þýðingarmiklu störf.“

# Legsteinar

**Þjóðum einnig upp á  
uppsetningu og lagfæringar  
á eldri steinum.**

Persónuleg og fagleg þjónusta.

***Sendum um land allt.***

**Legsteinn.is**

Sími 466 3110  
tomas@skiltagerdin.is

# Minningin lifir meitluð í stein



**STEINKOMPANÍÐ**  
Viðarhöfða 1



[www.steinkompaniid.is](http://www.steinkompaniid.is)

852 6111 852 7111

# Þjónustubygging og stækkun



Nýja þjónustubyggingin bætir mjög úr aðstöðu fyrir starfsmenn og gesti garðsins.

Mynd: Arkþing Nordic.

Upp úr síðustu áramótum hófust framkvæmdir vegna nýrrar þjónustubyggingar í Kópavogskirkjugarði en henni er ætlað að bæta úr brýnni þörf fyrir betri aðstöðu í kringum starfsemi garðsins. Kópavogskirkjugarður er í Leirdal í Kópavogi og þjónar

hann öllum íbúum Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP). Garðurinn er um 12 ha að stærð og var hann vígður árið 2006. Í núverandi garði er rými fyrir 13.000 kistugrafir og 5.100 duftgrafir.

## Bætir alla aðstöðu

Þjónustubyggingin er 320 m<sup>2</sup> að flatarmáli og er hönnuð af arkitektastofunni Arkþing Nordic. Í húsinu verða m.a. vélageymslur og starfsmannaaðstaða auk móttökurýmis, skrifstofa og salerna. Þá bætist einnig við opið rými undir þaki sem ekki telst til byggingarinnar sem slíkrar. Þar verður geymsluaðstaða fyrir vinnuvélar, jarðveg og annað sem tengist starfsemi garðsins. Byggingin er steinsteypt og ytra byrði hennar er sjónsteypa í bland við gyllta málmklæðningu. Hið nýja hús mun bæta alla aðstöðu starfsmanna og gesta og verður það vígt á næsta ári.

## Garðurinn stækkaður

Þegar tekinn var grunnur að þjónustubyggingu var uppgröfturinn fluttur inn á kirkjugarðslóðina austast á svæðinu en þar hefur Landmótun hannað næstu stækkun garðsins sem er um 2,1 ha. „Þarna verða fyrstu grafarstæðin tilbúin árið 2023 og er gert ráð fyrir að þar verði hægt að taka 2.458 grafir en þar af er sérstakur reitur með 240 grafarstæðum fyrir múslima. Einnig er verið að stækka duftreitinn í garðinum sem mun rúma 574 duftgrafir,“ segir Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma.



Nú er unnið að stækkun Kópavogskirkjugarðs enda hann orðinn einn helsti greftrunarstaður íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Mynd: Landmótun.



### **Í minningu látinna**

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

### **Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings**

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

### **Hvernig er hægt að fá efnið birt?**

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

[www.gardur.is](http://www.gardur.is)

### **Vefurinn gardur.is**

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á [gardur.is](http://gardur.is)

Kirkjugarðurinn á Borg

# Stækkun garðs og hlaðinn steinveggur úr náttúrugrjóti

**B**úið er að stækka kirkjugarðinn á Borg á Mýrum. Þá er búið að leggja harðbalastig frá sáluhliði út í stækkun garðsins og afmarka með lágum, einhlöðnum grjótvegg.

Kirkjustaðurinn Borg á Mýrum tengist sögu þjóðarinnar og er einn af þekktum sögustöðum Íslendinga. Stórbýli

hefur verið þar í gegnum tíðina og þar hefur verið kirkja frá því árið 1002 að því talið er. Þó er aðeins að finna óbeinar vísendingar um kirkjubyggingu á Borg fyrir 1200. „Það er nokkuð ljóst að þarna hefur verið kirkjugarður eða grafstæði alveg frá fyrstu tíð,“ segir Einar Óskarsson, formaður sóknarnefndar á Borg. „Þetta er að mörgu leyti mjög góður staður til að grafa í. Jarðvegurinn



Einar Óskarsson. „Árið eftir, 2020, var svo farið í að hlaða steingarð við norðurhlið stækkunarinnar.“

Ljós. Gunnhildur Lind Hansdóttir.



Uppdráttur að stækkun Borgarkirkjugarðs frá 2018 eftir Guðmund Rafn Sigurðsson.

Þarna virðist vera tiltölulega djúpur víðast hvar og moldin er þétt og góð.“

### Landnám Skallagríms

Í Eglu segir að Borg á Mýrum hafi verið landnámsjörð föður Egils Skallagrímssonar, Skallagríms Kveld-Úlfs-sonar, og síðan bjó þar Egill og niðjar. Borg er því mikilvægur þáttur í söguviði Egils sögu. Snorri Sturluson hóf búskap sinn á Borg og er talið að þar hafi hann setið og skrifað Egils sögu. Í lok Eglu segir um upphaf Borgarkirkju: „Þorsteinn Egilsson tók skirn, þá er kristni kom á Ísland, ok lét kirkju gera at Borg; hann var maðr trúfastr ok vel síðaðr; hann varð maðr gamall ok sótttaudr, ok var jarðaðr á Borg at þeirri kirkju, er hann lét gera.“

Á Borg er minnismerki um Egil Skallagrímsson, listaverkið Sonatorrek, eftir Ásmund Sveinsson. Listaverkið stendur skammt frá kirkjunni. „Margir ferðamenn koma að skoða minnismerkið,“ segir Einar í samtali. Þá segir í Laxdælu að dóttursonur Egils, Kjartan Ólafsson, sé grafinn að Borg en í þeirri sögu tengjast sagnir af kirkju á Borg falli hans. „Steinninn yfir Kjartani er eftirgerð þar sem upprunasteinninn er á Þjóðminjasafninu,“ bætir hann við. Í kirkjugarðinum á Borg eru einnig grafir hermanna sem dóu hér á landi á stríðsárunum og segist

Einar hafa orðið var við Breta sem hafa komið til að leita að þeim grófum.

Núverandi timburkirkja á Borg var reist árið 1880 og þykir hún formfögur og stílhrein bygging. Áður var þar torfkirkja, reist á árunum 1844-1846. Höfundur núverandi kirkju og forsmiður er talinn hafa verið Halldór Bjarnason (1824-1902) bóndi og hreppstjóri í Litlu-Gröf. Yfirsmiður var Jörundur Þorsteinsson (1822-1903) frá Smiðjuvöllum á Akranesi. Kirkjunni var snúið á bæjarhlaðinu um miðja síðustu öld í norður-suður og hún flutt til og er sú tilhögun þvert á flestar kirkjubyggingar í íslenskum sveitum. Altaristafla kirkjunnar er eftir Íslandsvininn, listamanninn og fornleifafræðinginn W.G. Collingwood og er hún máluð eftir Íslandsferð hans árið 1897. Kirkjan sjálf er ekki í kirkjugarðinum, heldur koma bæjarhús á milli kirkjunnar og garðsins.

### Stærstu trén söguð niður

Einar Óskarsson segir að sjálfur kirkjugarðurinn sé væntanlega búinn að vera nánast eins frá upphafi og sennilega búinn að marggrafa í stóran hluta af honum. „Það er búinn að skreyta hann með þessum afleitu steypu kössum. Steinsteypu kuml yfir leiði og í kringum leiði var síður sem stundaður var í tiltölulega stuttan tíma sem betur fer en sjaldan hugað að því að jarðvegur á Íslandi hentar illa sem burðarplan undir slík mannvirki auk þess að aðstandendur sinna ekki viðhaldi á slíkum steinhöllum sem verða æði óhrjálegar með tímanum. Þá var búinn planta í garðinn trjám, sem urðu mjög stór, og gera ýmsar kúnstir í seinni tíð þegar Íslendingar fóru að eyða púðri í að búa til einhvers konar minnismerki í kringum sig. Nú er það í rauninni ekki gert lengur; það er ekki leyft að setja svona stór minningarmörk og að planta trjám sem verða stór og mikil.“

Einar segir að lítið fjármagn sé til að reka þessa litlu garða. „Ég efndi til vinnudags í garðinum tvö sumur í röð, árin 2014 og 2015, og fékk alveg afskaplega góðar viðtökur. Við fengum í bæði skiptin um 20 manns til að vinna og þá var fjarlægður töluverður hluti af steypum reitum. Við tókum niður tré sem voru orðin forljót og svo stór að þau voru farin að skyggja á mest allan garðinn. Síðan var nurlað saman smáaorum til að fá fagmenn til að saga niður stærstu trén þannig að garðurinn er í dag miklu aðgengilegri og léttari og það er orðin miklu betri rækt í grasi. Það er ekki eilífur skuggi á því.“

### Undirbúningsvinna árið 2019

Einar segir að þó það séu einungis um 80 manns í sókninni vilji margir fá greftrun á Borg. „Það er ekki gaman að segja „nei“ við fólk þannig að það var farið í að reyna að stækka garðinn og til þess þarf náttúrulega fjármuni. Ég fékk reyndar ekkert fjármagn til að byrja með en ég nuddaði út að við mættum byrja.“ Fyrir nokkrum árum var ráðist í að ræsa fram fyrirhugaða stækkun kirkjugarðsins og var það gert með því að grafa skurð í útjæðri stækkunar og í framhaldinu lagt drenrör í



Í kirkjunni eru tvær kirkjuklukkur. Þær eru með gotnesku lagi úr kopar en járnkólfum.

skurðinn og hann fylltur með drenmöl. Þetta var hugsað sem undirstaða undir fyrirhugaðan hlaðinn vegg.

„Ég var alltaf öðru hvoru í sambandi við Guðmund Rafn Sigurðsson umsjónarmann kirkjugarða og hann var ákaflega viljugur í að hjálpa okkur. Hann viðurkenndi líka að það væri þröngt um fjármuni. En svo tókst honum að losa um fé og fékk framlag frá Kirkjugarðasjóði þannig að við gátum byrjað fyrir alvöru vorið 2019. Það fólst í því að jarðvegsskipta meiru, keyra efni í garðinn, hækka upp ofan við þessa drenlöggn og mól sem var búið að setja og reyna að grófforma norðurrönd garðsins eins og við ætluðum að hafa. Til verksins fengum við ágæta menn, feðgana Hálfðán Helgason og Helga Hálfðánarson, sem með mikilli verklagni færðu efni inn í garðinn án sýnilegra spjalla á öðrum svæðum. Guðmundur Rafn teiknaði upp útlit á þessari stækkun. Við vorum saman í þessu og okkur tókst, þó aðallega Guðmundi, sem þekkir menn út um allt, að fá fé hjá Borgarbyggð á móti því sem Kirkjugarðasambandið leggur fram. Þetta gekk það vel að okkur tókst að vinna undirbúningsvinnuna árið 2019 þannig að við áttum meira að segja fjármuni afgangis til næsta sumars eða sumarið 2020. Við fluttum inn árið 2019 töluverða mold en svona mikið magn af efni þarf að síga.“

### Steingarður hlaðinn

Einar segir að vorið 2019 hafi gatnaframkvæmdir og húsgrunnataka hafist í Borgarnesi og það þurfti að losna við jarðveginn. „Það var náttúrulega auðfúsamál að losna við þetta á sem auðveldastan máta og það var keyrt inn í garðinn á Borg og þjappað jafnóðum niður með tækjum.

Árið eftir, 2020, var svo farið í að hlaða steingarð við norðurhlið stækkunarinnar. Það var líklega á 9. áratugnum sem var handhöggvinn og hlaðinn garður í kringum kirkjugarðinn. Þetta er fallett og þetta gerði maður sem er snillingur í garðhleðslu, Unnsteinn Eliasson. Hann var fenginn í lið með okkur aftur og var hann í fyrra að hlaða þennan garð og þá ofan á þá malarfyllingu sem hafði verið gerð árið 2019 og var orðin fullsigin og þétt.

Það var síðan haldið áfram með þessa moldarfyllingu og það var klárað að tyrfa; það hafði verið tyrft að hluta til árið 2019 en í fyrra var það verk klárað. Þá var í fyrra-sumar gerð braut sem hægt er að kalla svo; það er gengið yfir grasflöt fyrir framan prestssetrið frá kirkju og út í garð sem er kannski ekki ákjósanlegt. Sett hafði verið upp hlið þegar steingarðurinn var hlaðinn í kringum 1990 beint frá bílastæðinu og inn í garðinn. Við ákváðum að búa til betra aðgengi því að þetta var bæði mjög holótt og hæðótt og þarna skófum við efsta lagið ofan af; gerðum braut frá sáluhliðinu og hliðinu á hlaðna veggnum út á bílastæðið, inn með garðinum og alveg inn á þessa braut sem hafði verið gerð nyrst í garðinum. Þannig að nú er þetta orðin slétt braut bæði til að ganga með kistur og bara almennt. Fólk sem hefur ekki góða fótavist getur núna auðveldlega gengið um garðinn sem er nú ekkert sjálfgefið í svona gömlum garði.“

### Setbekkur og áhaldaskúr

Hluti af garðinum er nú ætlaður fyrir duftker en þeim fjölgar sífellt sem vilja láta brenna sig að sér látnum. „Það var ákveðið að fylla með mold og tyrfa norðan við í





Frá Borg á Mýrum. Lengst til hægri má sjá afsteypu af verki Ásmundar Sveinssonar, Sonartorreki.

framhaldi af garðhleðslunni og þar er nú ágætis aðstaða fyrir duftker. Og það væri í rauninni hægt að stækka þá reiti lengra í norður; það er spurning hvort við förum í það í sumar komandi að gera meira þarna. Það er lítið plan sem við skildum eftir ótyrft inni í garðinum og þar stendur til að setja setbekk og áhaldaskúr svo sem fyrir litlar skóflur og garðkönnur. Einnig á eftir að ganga betur frá í sambandi við lýsingu. Það hefur alltaf verið sett niðurspennt (24V) raflýsing af því að fólk getur komið

með minningamörk um jól og áramót en þetta rafkerfi er orðið úr sér gengið. Svona lagað er mest gert í sjálfböðavinnu.“

Einar segir að eitt í viðbót sé eftir að gera: Lokuhlið sem er hálfsmíðað í kjallaranum hjá honum. „Menn hafa verið að fara á bilum inn þessa braut í garðinum en hliðið mun koma í veg fyrir það.“

Einar segir að verkið allt hafi tekist alveg sérstaklega vel og að þetta sé nú allt orðið verulega smekklegt. „Miðað við þann framgang sem verið hefur þá ættum við að hafa þarna pláss fyrir grafstæði í einhverja áratugi myndi ég halda meðal annars af því að nú er svo algengt að líkbrennslur fari fram.“

Einar segir að eitt sé það sem garðurinn á Borg hafi umfram marga aðra en það er að megnið af garðinum er eins og garðar hafa verið frá fyrstu tíð á Íslandi; venjuleg upphlaðin leiði auk þess sem garðurinn hefur ekki verið sléttaður og jafnaður. „Hann er í rauninni eins og landið var í upphafi fyrir utan að það var sléttað sem nemur stækkuninni enda tilbúið land. Ég veit að þetta hefur dálítið aðdráttarabl fyrir fólk. Það er hugmynd í gangi sem ég veit ekki hvort muni ná flugi eða hvort það verði vilji til þess en það er að stækka ekki garðinn meira heldur að teknar verði grafir inn á milli trjáanna. Það er miklu skemmtilegra að ganga um slíka garða heldur en einhver vélgerð mannvirki. Það er nú bara þannig.“



Á síðasta ári var hlaðinn steingarður við norðurhlið stækkunar garðsins. Það gerði snillingur í garðhleðslu, Unnsteinn Eliasson.

Ljós. Gunnhildur Lind Hansdóttir.

Fyrirhugaðar byggingar á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Húsin með rauðu þökunum eru kapella og kirkja og undir þeim er gert ráð fyrir líkhúsi og bálstofu til hliðar við útfararkirkjuna.

## Bálstofa í Gufunesi á döfinni

Mikil verkefni eru fram undan á vettvangi kirkjugarðamála á Íslandi en lagt verður til að byggð verði ný bálstofa og líkhúsi á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Kirkjugarðar Reykjavíkurborgar (KGRP) munu ekki einir og sér sjá um þá uppbyggingu og rekstur heldur verður lagt til að bálstofan og líkhúsið verði byggð og rekin af ríki, sveitarfélögum og kirkjugörðum landsins í formi sjálfseignarstofnunar.

### Kostnaður á annan milljarð

„Kostnaður við byggingu bálstofu með ofnasal, líkhúsi, athafnarými og með aðstöðu fyrir starfsfólk og aðstandendur, ásamt kaupum á ofnum og hreinsibúnaði, er álitinn vel á annan milljarð króna. Reykjavíkurborg úthlutaði fyrir nokkrum árum landi undir bálstofu og tengdar byggingar á Hallsholti og við hjá KGRP munum leggja okkur fram til að framkvæmdir geti hafist sem allra fyrst. Ný bálstofa er nauðsyn enda fer bálförum mjög fjölgandi á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP í samtali.

Bálfarir hafa færst mjög í vöxt hér á landi á síðustu 10 árum. Er nú svo komið að á höfuðborgarsvæðinu voru duftkersgrafir 55% allra grafa árið 2020 og kistugrafir 45%. Hlutfallið á öllu landinu, að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu, var á síðasta ári 41,4% duftgrafir. Þórsteinn

Ár	Fj. bálfara	Fj. látinna	% af fj. látinna
2000	212	1823	11,63
2010	453	2017	22,46
2020	976	2359	41,37

segir að þrátt fyrir gott viðhald bálstofunnar í Fossvogi þurfi að huga að byggingu nýrrar bálstofu. „Bálstofan í Fossvogi er eina bálstofan hér á landi en hún var tekin í notkun 1948 og þjónar öllu landinu. Bálstofan hefur alla tíð verið knúin umhverfisvænni raforku og hafa ofnarnir fengið viðeigandi og gott viðhald. Danskir sérfræðingar hafa komið reglulega til landsins til að taka út ástand þeirra til að tryggja rekstraröryggi. Samkvæmt samningi við ríkið frá 2005 hefur bálstofan fengið sérstakt framlag til að standa straum af kostnaði við rekstur og viðhald.“

### Reykjavíkurborg sein í vöfum

Þórsteinn segir að við Úlfarsfell sé fyrirhugaður 22 hektara kistukirkjugarður sem verður í umsjá KGRP. Hann segir framkvæmdir hafnar við landfyllingar en þær gangi því miður hægt en sveitarfélögunum er skylt að skila grafartæku landi til garðanna. „Kirkjugarðurinn í Úlfarsfelli hefði átt að vera tilbúinn núna en ljóst er að alllangur tími mun líða þar til jarðsett verður þar. Það tekur nokkurn tíma að útbúa kirkjugarð en jarðvegurinn þarf að síga, það þarf að dreina, útbúa göngustíga og grafa rafmagns- og vatnsleiðslur fyrir lýsingu og vatnsveitu. Þetta er stórframkvæmd og ljóst að eftir að Gufuneskirkjugarður fyllist eftir fáeinum árum fari allar kistuútfarir íbúa meginhluta höfuðborgarsvæðisins fram í Kópavogskirkjugarði. Það þýðir þá að Reykvikingar verða grafnir í Kópavogi þangað til Úlfarsfellskirkjugarður verður tekinn í notkun.“ Í Sóllandi í Öskjuhlíð eru til pláss fyrir duftker út öldina en þau eru einnig jarðsett í kistuleiði í Fossvogi og fleiri gördum.

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996

**ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:  
**581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og  
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)

  
Sverrir Einarsson

  
Jóhanna Eiríksdóttir

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

# Allir vinna framlengt út árið!

**A**thygli sóknarnefnda/kirkjugarðsstjórna er vakin á því að átakið „Allir vinna“ og felur í sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu, hefur verið framlengt út þetta ár 2021. Þetta þýðir að virðisaukaskattur af vinnu manna við mannvirkjagerð í m.a. kirkjugörðum er allur endurgreiddur og munar um minna þegar fjármagn til nýframkvæmda og endurbóta er af skornum skammti. Þetta á líka við um greiðslur fyrir hönnun, eftirlit með byggingum o.s.frv.


Markmiðið með þjóðaráttakinu „Allir vinna“ í kjölfar bankahrunsins var að hvetja til aukinna framkvæmda og skapa þannig störf og verja þau sem fyrir voru. Upphaflega voru 60% af vinnulið í framkvæmdum endurgreidd en í efnahagsráðstöfunum vegna kórónuveirunnar þann 1. mars á síðasta ári var hlutfallið hækkað í 100%. Fyrst var átakið hugsað út árið 2020 en hefur nú verið framlengt út yfirstandandi ár að minnsta kosti.

Sótt er um endurgreiðslu hjá Skattinum (rsk.is) gegn framlögðum reikningum. Þar er að finna nánari upplýsingar og eyðublöð vegna umsóknanna.



„Bormenn Íslands“ við stækkun kirkjugarðsins á Stafafelli í Lóni.

## Minning sem lifir



Álskildir – koparskildir – krossar – merkingar fyrir duftker

**HELLA ehf.** Málmsteypan

Kaplahrauni 5 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 1022 - [hella@hella.is](mailto:hella@hella.is) - [www.hella.is](http://www.hella.is)

# Nýr framtíðargrafreitir Akureyrar í Naustaborgum

**M**eginmarkmiðið í hugmyndavinnu þessari er að taka tillit til umhverfisins og miða ekki bara á hið hefbundna form kirkjugarða með því að leggja ríka áherslu á útivistargildi svæðisins ásamt því öllu því sem nútíma grafreitir hefur upp á að bjóða. Þetta verður ný nálgun í grafreitum á Íslandi," segir Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar en nú er í fullum gangi skipulagsvinna fyrir 1. áfanga nýs grafreits í Naustaborgum á Akureyri sem um margt verður gjörólíkur þeirri hugmynd sem við höfum hingað til haft af hinum formföstu íslensku kirkjugörðum.

Í fyrsta skipulagsáfanga er gert ráð fyrir 2350 kistu-gröfum og 300 duftgröfum á svæði sem er um 3,5 hektarar að stærð. Í áfanga 2 er miðað við að kistugrafir verði um 1.800 en skipulagssvæðin fyrir grafreiti í Naustaborgum verði þrjú til að byrja með. Svæðið í heild kemur til með að rúma mörg þúsund grafir og því er hér verið að horfa til mjög langrar framtíðar.

## Vel gróið útivistarsvæði

Naustaborgir er útivistarsvæði, staðsett stutt frá núverandi kirkjugarði á Naustahöfða. Svæðið er ríkulega gróið trjám og brotið upp með tünnum og stórum klettum sem

einkenna svæðið. Svæðið afmarkast af golfellinum að Jaðri í norðri og Kjarnaskógi í suðri en að vestanverðu afmarka rætur Súlumýra svæðið og til austurs er stórt ræktarland þar sem verður íbúabygð í framtíðinni.

Stór hluti af Naustaborgum er ræktað land eða tún en gróðurþekja er í bland við mela, að mestu í formi lyngróðurs. Trjárækt hefur verið stunduð á svæðinu og þar er að finna margar tegundir trjágróðurs, t.d. greni, lerki, ösp og sjálfsáid birki. Við klettana hefur trjäreiturinn náð nokkurri hæð og því væri heppilegt að grísa í þeim reit til að gefa klettunum meiri og fegurri ásýnd.

## Grafreitir felldir að landslagi og gróðri

Grafarreitirnir á svæðinu verða misstórir og segir Smári að í yfirstandandi skipulagsvinnu sé leitast við að fella þá að landslaginu og gróðri. Sem fyrr segir er bæði gert ráð fyrir svæðum fyrir kistugrafir, duftgrafir og dreifingu ösku. Stóra atriðið er hversu rík áhersla verður á fjölbreytileika og að gera svæðið aðgengilegt almenningi og aðlaðandi fyrir þá sem þangað leggja leið sína.

Heildstætt stígakerfi verður í Naustaborgum sem kemur til með að tengja grafsvæðin saman en líkt og hvað varðar



Nú er unnið að skipulagshugmyndum fyrir fyrsta áfanga grafreitsins í Naustaborgum. Á svæðinu verða kistugrafir, duftgrafir, svæði til að dreifa ösku, göngustigar, tjörn og útsýnisspallur. Allt verður fellt sem best að landslagi og gróðri Naustaborga.

Mynd: Landslag ehf.



Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar.

grafsvæðin sjálf þá verða stigarnir felldir að landslaginu, línur þeirra bogadregnar og mjúkar. Gert er ráð fyrir að hægt verði að dreifa ösku á svæðinu, bæði inni í skógi og við tjörn sem gerð verður. Einnig er mögulegt að verða við t.d. óskum lífsskoðunarfélaga um afmörkuð svæði. Á hæsta punkti svæðisins er hugmyndin að koma fyrir útsýnispalli og margar aðrar áhugaverðar hugmyndir eru uppi á borðinu í skipulagsvinnunni. Til samstarfs í útfærslu hugmyndanna fékk Smári fyrirtækið Landslag ehf. sem sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði landslagsarkitektúrs og skipulags.

### Ekki síður áhersla á hönnun fyrir lifandi fólk

Smári segir að með ákvörðun bæjaryfirvalda á Akureyri í fyrra um að heimila skipulag nýs grafsvæðis í Naustaborgum hafi lokið um 25 ára baráttu Kirkjugarða Akureyrar fyrir nýju svæði í bænum fyrir greftranir. Núverandi garður á Naustahöfða verði fullnýttur fyrir kistugrafir eftir um 15 ár og miklu skipti að hefja nú þegar undirbúning nýs svæðis sem komi til með að svara þörf til langrar framtíðar. „Stóra atriðið er að grafreitirinn raskar á engan hátt þeirri útivistarstarfsemi sem er í Naustaborgum heldur mun svæðið þvert á móti verða enn aðgengilegra öllum almenningi. Enda undirstrikum við í skipulagsvinnunni erum við ekki síður að hanna svæði fyrir lifandi fólk en hina látnu. Það vill nefnilega oft gleymast í umræðunni að kirkjugarðar og grafreitir eru staðir þar sem fólk kemur alla daga, árið um hring, nánast sama hvernig viðrar. Þess vegna er okkur umhugað um að hanna svæðið þannig að fólk njóti þess að fara þar um,“ segir Smári.

### Hugmyndinni vel tekið

Í undirbúningsferlinu hefur hugmyndin um grafsvæðin í Naustaborgum verið kynnt víða og segir Smári að þrátt fyrir að hér sé um að ræða útfærslu sem sé langt út fyrir hið hefðbundna rúðustrikaða form kirkjugarða þá hafi henni undantekningalítið verið mjög vel tekið.

„Vissulega hefur fæðing þessarar hugmyndar verið löng en við erum mjög ánægð með að hafa verið trú hugsjóninni og náð að vinna henni brautargengi,“ segir Smári sem gerir ráð fyrir að innan fárra ára verði fyrstu landmótunarframkvæmdir vegna 1. áfanga grafsvæðisins í Naustaborgum. „Einn af stórum kostum við þetta svæði er hversu stutt er frá aðstöðu okkar á Naustahöfða og þess vegna þarf mjög lítið að byggja af húsnæði þessu tengt.“

### Hugmyndir sóttar til Skandinavíu

Bæði hér á landi og erlendis fer bálforum fjölgandi og sú þróun hefur áhrif á þróun kirkjugarða í framtíðinni en Smári segir að breyting í þá veru sé hraðari á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Aðspurður hvort hugmyndafræðin að baki nýja garðinum í Naustaborgum eigi sér einhverja skírskotun eða fyrirmyndir segist hann hafa horft m.a. til Norðurlandanna.

„Það hefur verið tilhneiging í þessari starfsemi í Skandinavíu að gera grafreiti líka fyrir lifandi fólk, ef svo má segja. Við sjáum mörg dæmi þess að kirkjugarðar inni í stórborgum eru nokkurs konar skrúðgarðar og hverju samfélagi er nauðsynlegt að hafa opin svæði fyrir fólk til að njóta. Kirkjugarðar eru kjörin svæði til þess og í okkar tilfelli finnst okkur heillandi að geta tengt þessa starfsemi við náttúruna og landslagið í Naustaborgum. Við trúum því að hér séum við að stíga inn í nýja og áhugaverða framtíð í okkar starfsemi,“ segir Smári.

**Bjóðum upp á krossa á leiði**

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Álettrum plötur

**Eigum margar gerðir af krossum**

**ÚTFARARÞJÓNUSTA**  
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR  
Höfði, v/ Þórunnarstræti - 600 Akureyri  
Sími 461 4060 - www.kirkjugardur.is/utka

Gufuneskirkjugarður 40 ára

# Samfellt þróunar- starf í hálfa öld


Rætt við Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt

Um þessar mundir eru 40 ár liðin frá stofnun Gufuneskirkjugarðs en hann var vígður 16. júní 1980. Áform um stað fyrir nýjan kirkjugarð fyrir Reykjavíkprófestsdæmi höfðu lengi verið á döfnni enda Fossvogskirkjugarður þá tekinn að þéttast mjög. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur frá 1966 er t.d. varpað fram hugmynd að stað fyrir nýjan garð þar sem nú heitir Suður Mjódd. Af þeirri úthlutun varð ekki og árið 1972 gaf borgin vilyrði fyrir ríflega 90 hekturum úr landi Gufuness og Korpúlfsstaða. Við jarðvegsrannsóknir á næstu árum kom í ljós að allstór hluti þess svæðis var ekki grafartækur. Þegar svo ákveðið var að ráðast í mikla uppbyggingu íbúðabyggðar í Grafarvogi var enn klipið af landi garðsins.

Einn er sá maður sem þekkir tilurð og skipulag Gufuneskirkjugarðs betur en flestir aðrir en það er Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. Hálfa öld er liðin frá því hann kom fyrst að skipulagi fyrirhugaðs garðs og æ síðan hefur hann verið kvaddur til þegar breytingar hafa orðið á úfærslu þessa helsta grafreits íbúa höfuðborgarsvæðisins. Við tókum Einar tali og báðum hann fyrst um að rekja ástæður þess að hann var fenginn að verkinu.

## 50 ára vegferð

„Það vara bara nýlega sem ég fann löngu gleymda minnispunkta í gömlu dóti en þeir fjalla um fyrsta fund minn með þáverandi forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur, Hirti E. Guðmundssyni skömmu fyrir júl 1971. Þessir



Lituð skissa Hafliða Jónssonar garðyrkjustjóra frá 1972.



Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. „Við skipulagningu Gufuneskirkjugarðs var þessi hugsun alltaf á bak við eyrað; að fara vel með úthlutað land og nýta það sem best.“

minnispunktur mínir eru upphaf skipulagsvinnu minnar og fleiri góðra manna og kvenna sem hafa komið að því að móta framtíðarskipulag Gufuneskirkjugarðs í 50 ár. Ég var þá í námi í landslagsarkitektúr í Kaupmannahöfn en hóf formlega störf við undirbúning þessa verkefnis í kringum áramótin 1975-76,“ segir Einar.

Eins og áður sagði hefur stærð Gufuneskirkjugarðs tekið miklum breytingum frá því sem upphaflega stóð til. Þeir



Fyrsti hluti Gufuneskirkjugarðs 1:500 eins og hann var lagður fyrir í skipulagsnefnd Reykjavíkur í mars 1978.


90 ha sem höfðu verið teknir frá fyrir nýjan garð voru utan alfaraleiðar og skipulag Grafarvogshverfa enn í deiglu. Því var fljótlega sleginn varnagli og vestari helmingur þess svæðis sem hafði verið gefið vilyrði fyrir, aðeins kynntur í skipulagsnefnd en ekki samþykktur. „Að því kom svo áratug síðar að sá helmingur var lagður undir íbúðahverfi og atvinnustarfsemi þegar Grafarvogshverfið var að byggjast upp. Allar síðari breytingar á skipulagi kirkjugarðsins hafa verið fínstilling garðsins inn í nýja umgjörð sem nú er ríflega 30 hektarar. Þannig er garðurinn í dag aðeins um þriðjungur þess sem áformað var í upphafi,“ segir Einar í samtali.

### Ýmsir kostir skoðaðir

„Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt gerði upphaflega forúttekt á Gufunessvæðinu á 7. áratugnum fyrir borgarverkfræðing Reykjavíkur. Reynir setur þá fram á uppdrætti útlínur garðsins og handskrifaðar hugleiðingar fylgja. Þarna útfærir hann garð í mýrinni upp af Gufunesbænum, skoðar svæðið með augum skipulagsmannsins og fjallar um hentuga legu byggðar og framtíðar aðkomuleiðir að garðinum. Í framhaldinu lýsa borgaryfirvöld því yfir að þau hafi í hyggju að veita Kirkjugörðum Reykjavíkur land undir framtíðarkirkjugarð, ca. 60 hektara og var Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen beðin að gera úttekt á árlegri grafarþörf. Þar á bæ komast menn að því að landþörfin væri talsvert meiri eða um 150 ha fyrir nýjan garð sem þá dygði í rúma eina öld eða svo.“

### Sparir á landið

„Það skein greinilega í gegn í þessum annars góðu samskiptum við borgaryfirvöld að menn sáu nokkuð eftir verðmætu landi undir kirkjugarð. Oft var brýnt fyrir



Frá kynningu Einars á skipulagi Gufuneskirkjugarðs ca. 1980.

okkur á fundum að það yrði að auka líkbrennslu til þess að spara land fyrir grafarsvæði. Þessi staðreynd er engin geimvísindi og góð rök á margan hátt. Menn vissu að nýr kistugrafareitur er ekki bara rýmisfrekur heldur þyrfti að huga að ýmsu öðru eins og mengunarvörnum, legu grafa miðað við höfuðáttir o.fl. Þessum þáttum er ekki til að dreifa þegar finna þarf duftreit stað. Þessi hugsun var sömuleiðis kjarninn í rökum Bálfararfélags Íslands á fyrri hluta síðustu aldar. Síðan hefur þróunin orðið sú að æ fleiri kjósa duftreitina,“ bætir Einar við.

„Eftir heimkomu úr námi hóf ég strax störf á teiknistofu Reynis og tengdist ekki Gufuneskirkjugarði fyrr en í byrjun árs 1976. Af fundargerðum KGRP eftir 1970 má sjá að stjórn garðanna fjallar oft um Gufuneskirkjugarð og málin að þróast hægt og bitandi. Hjörtur E. Guðmundsson forstjóri var vakinn og sofinn yfir málinu til dauðadags í desember 1975 og vann markvisst að því að fá land í Gufunesi undir garðinn. Undirbúningur að skipulagi garðsins eftir úthlutun hélt áfram og gerði Hafliði Jónsson, garðyrkjustjóri borgarinnar heildarskipulagsuppdrátt 1972. Þá var þegar hafinn undirbúningur þess að ræsa fram mýrina en veg og vanda af því hafði Guðmundur Guðjónsson, stjórnarmaður garðanna, sem síðar var ráðinn fyrsti umsjónarmaður Gufuneskirkjugarðs.“

### Skipulag garðsins fullmótað

Haustið 1976 samþykkja svo borgaryfirvöld nýja legu og afmörkun kirkjugarðsins þar sem kirkjugörðunum er úthlutað ríflega 52 ha svæði. Um leið var gefið vilýrði

fyrir því að við austurmörk nýja landsins verði haldið opnum möguleika til síðari nota fyrir garðana, reynist þess þörf. Vinna við að ræsa fram mýrina hófst þá strax. „Um þetta leyti hefst samfelld aðkoma mín að skipulagi og hönnun umhverfisins í Gufuneskirkjugarði sem stendur enn 2021. Ég vil taka það fram að ég var ekki einn að verki. Ég hef átt mjög gott samstarf við alla framkvæmdastjóra frá 1976 og stjórn kirkjugarðanna. Þróun garðsins og viðhald hefur notið garðyrkjumenntaðs fagfólks gegnum árin og allir starfsmenn garðanna hafa unnið af miklum metnaði. Fyrir það vil ég þakka,“ segir Einar.

Fyrsta deiliskipulag garðsins var fullmótað í mars 1978 og lagt fyrir skipulagsnefnd borgarinnar og samþykkt. Stærð garðsins var skv. því 52,5 ha og að auki var gert ráð fyrir 5,3 ha landi austan aðalsvæðis eða samtals 58,0 hektarar. Á þessum tíma er Gufuneskirkjugarður langt út í sveit í bæjarmyndinni og aðkoma með malarbornum vegtengingum í gegnum land RALA í Keldnaholti. Land þetta var allt vel grafartækt og vel fallið til slíkra nota; flatt mýrlendi í austurhluta og því ágætlega aðgengilegt en brekka á vestari hluti svæðisins sem þurfti að stalla niður að Gufunesbænum.

Á vegum Þróunarstofnunar Reykjavíkur var tekin saman spá um dauðsföll og hlutfallslegan fjölda greftrana í Reykjavík og samkvæmt henni var talið að þetta landsvæði myndi endast fram til 2030-40 miðað við hefðbundna greftrun þ.e.a.s. nær 100% venjuleg kistugreftrun og ein kista í hverja gróf. Í greinargerð með deiliskipu-





Gufuneskirkjugarður var vígður 16. júní 1980 og var Friðfinnur Ólafsson, forstjóri Háskólalabíós og stjórnarmaður í KGRP, jarðsettur þar fyrstur manna.

laginu kemur fram hvernig mál standa í byrjun árs 1978. Þar segir m.a.: „Þegar hefur verið hafist handa við undirbúning á svæðinu, lagt hefur verið aðalræsi eftir því endilöngu og er nú langt komið að leggja jarðvatnslagnir í 1. hlutann. Síðastliðið sumar var landið allt girt gripaheldri girðingu. Stjórn kirkjugarðanna hefur mikinn hug á því að geta hafið lokafrágang á því svæði sem verður tilbúið í vor, jafna og sá í landið, bera ofan í vegi og hefja gróðursetningu skjólbelta.“ Greinargerðinni lýkur með þessum hvatningarorðum: „Það er vilji stjórnar kirkjugarðanna að þarna verði lögð áhersla á að skapa hlýlegt og fallegt umhverfi sem verði þeim sem þangað koma til uppörvunar og gleði.“

Fyrsta jarðarförin í Gufuneskirkjugarði fór fram 16. júní 1980 og er vökumaður hans Friðfinnur Ólafsson forstjóri.




Tillaga frá 1992 þar sem endanlegt svipmót garðsins er að verða til.

### Lokastærð garðsins staðfest

Eftir borgarstjórnarkosningar vorið 1982 hófst nýtt aðlögunarferli með að sníða stærð Gufuneskirkjugarðs að nýjum staðreyndum. Tekin var pólitísk ákvörðun um íbúabyggð norðan Grafarvogs og uppbygging strax hafin í Foldahverfi og Húsahverfi. Fyrstu íbúar fluttu inn í hús sín þar vorið 1984. Í framhaldi hófst vinna við að breyta vesturhluta fyrirhugaðs Gufuneskirkjugarðs frá árinu 1978 í atvinnu- og íbúðahúsahverfi og bætt við því sem í dag heitir Rimahverfi. Með þessum ráðstöfunum minnkadi greftrunarsvæði garðsins verulega. Þessi þróun heldur áfram næstu árin og klipið af garðsvæðinu til að rýma fyrir nýrri byggð og stofnbrautum. Með Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 1987-2007 var minnkun garðsins í 29,5 ha staðfest. Aftur verður breyting á skipulaginu árið 2000 og þá til stækkunar þegar aukið er við kirkjugarðslóðina um 2,6 ha svo hægt væri að taka tillit til breyttrar



Síðasta samþykka deiliskipulag Gufuneskirkjugarðs frá 2005.




Stærð Gufuneskirkjugarðs hefur farið minnkandi frá upphafi en þá var úthlutað allt að 90 ha. Í dag er hann 32,0 ha.


legu Hallsvegur og skapa rými fyrir þjónustubyggingu, bálstofu, útfararkapellu, bílastæði o.fl. Aðeins hluti þessara mannvirkja á Hallsholti er risinn.

„Í dag er Gufuneskirkjugarður því ríflega 32 hektarar að stærð. Garðurinn hefur auðvitað þróast innan þessara

marka með ýmsum hætti. Duftgarður var þar tilbúinn í lok síðustu aldar en hann er aðeins að hluta grafinn. Með norðurjaðri garðsins, austan þjónustubygginga, er síðasta óráðstafaða landið innan garðs sem mætti breyta í duftgarð, þó svo að áður hafi verið reiknað með því nota það fyrir kistugrafir,“ segir Einar.



Gufuneskirkjugarður í blóma.



Miklar breytingar hafa orðið á grafarvenjum sl. 50 ár.

Í byrjun tíunda áratugarins var einn reitur í garðinum endurhannaður sem grafarsvæði Íslamstrúarmanna en í þeim hópi hefur fjölgað og því þótti nauðsynlegt að mæta sérstökum þörfum þeirra. Grafir þeirra hafa aðra stefnu en hina hefðbundnu austur/vestur stefnu í kristnum sið og var Reiknistofnun Háskóla Íslands og mælingadeild Reykjavíkurborgar fengin til þess hnita legstaðina svo þeir sneru rétt gagnvart Mekka. Einar segir að árið 1995 hafi svo komið beiðni frá Ásatrúarsöfnuðinum á Íslandi um að einn reitur yrði helgaður þeim og var farið í mikla undirbúningsvinnu, m.a. við að móta athafnar- og útfararsíði Ásatrúarmanna. „Það var Jörmundur Ingi Hansen sem þá fór fyrir söfnuðinum og hann kom með þá hugmynd að myndgera skipslíki í reitnum á miðju svæði þar sem athafnir færu fram. Fyrirmyndin var sótt í norrænar grafhæðir eins og t.d. Lindhólms hæðirnar norðan við Limafjörð á Jótlandi. Reitur Ásatrúarmanna var vígður 1999.“ Skömmu eftir aldamótin var „Hlið“, minnismerki um týnda eftir listakonuna Rúrí, vígt.

### Meira rými fyrir lifendur

„Það má segja að eftir þessa snöggsöðnu söguskoðun séu það einkanlega tvö atriði sem standi upp úr í þessu 50 ára ferli varðandi skipulag Gufuneskirkjugarðs: Annars vegar slagurinn um stærð garðsins og hins vegar stöðug áminning borgaryfirvalda til stjórnar garðsins um að beita sér í því að draga úr kistugreftrun og auka lík-brennslu. Þessi hugmyndafræði var vel þekkt hjá stjórn kirkjugarðanna enda eitt megin stefið í stefnu Bálfarafélagsins fyrir á síðustu öld. Við skipulagningu Gufuneskirkjugarðs var þessi hugsun alltaf á bak við eyrað; að

fara vel með úthlutað land og nýta það sem best. M.a. kom til tals að á vissum svæðum í garðinum væri hægt að grafa kistur í tveimur hæðum en aldrei kom til þess. Það má segja að þessi þrýstingur, sem stjórn kirkjugarðanna var beitt í þessum slag um land fyrir Gufuneskirkjugarð, hafi hrint af stað kynningarátaki á vegum KGRP á lík-brennslu kringum 1990 sem skilað hefur miklum árangri því lík-brennsla hefur aukist síðustu tvo áratugina. Í anda forkólfa Bálfarafélagsins og jafnframt borgaryfirvalda bendir því allt til þess að minna landsvæði verði lagt undir þá látnu sem leiðir af sér meira rými fyrir lifendur.“

Einar minnir að síðustu á að við fæðingu liggi sú staðreynd fyrir að henni fylgi lok lífsins, dauði. „Þrátt fyrir miklar breytingar og tæknivæðingu hafa þessi sannindi ekkert breyst. Að sumu leyti má segja að tíminn standi því sem næst í stað í kirkjugörðum og viðfangsefnið varðandi skipulag og umhirðu þeirra breyttist ekki mikið í árána rás. En þótt útfærsla garðanna sé íhaldssöm í eðli sínu hafa grafsiðirnir breyst mjög á síðustu árum hér á landi og það vonum seinna. Við hér á Íslandi erum heilli öld á eftir nágrannalöndunum varðandi lík-brennsluna og sú þróun hefur í raun kollvarpað fyrri áætlunum um stærð og umfang garðanna í framtíðinni. Þetta breytir ekki því að viðfangsefnið í görðunum er alltaf að skapa hlýlegt og fallett umhverfi sem huggar og gleður.“

# Hin týnda gröf skáldsins í Hólavallagarði

Það var þungbúinn janúardagur árið 1906 þegar Páll Ólafsson, hið ástsæla skáld sem orti um lóuna sem kom til að kveða burt snjóinn, var jarðsunginn frá Dómkirkjunni, en hann lést í húsi bróður síns við Laufásveg 5 í Reykjavík. Lektor Þórhallur Bjarnarson, síðar biskup Íslands, las yfir honum húskveðju og jós hann moldu en síðan var kistan borin upp í garð án viðkomu í kirkju. Kistan var fyrirferðarmikil og ólík öðrum í lögun og vakti það nokkra athygli. Þótt þjóðin hafi á sinni tíð haft dálæti á skáldskap Páls hvarf leiði hans fljótlega í svöðinn, ómerkt með öllu, og heil öld leið áður en það fannst aftur.

## Gröfin féll í glemsku

„Eftirlifandi eiginkona Páls, Ragnhildur Björnsdóttir, mun hafa hirt um leiðið fyrstu árin og ræktaði á því baldursbrá og af henni var það auðþekkt fyrstu árin. Fljótlega flutti ekkjan norður í Öxarfjörð til bróður síns á Presthólum í Núpasveit og lést árið 1918. Tveimur árum eftir andlát hennar var hún jarðsett ofan á kistu eiginmanns síns. Eftir það féll gröf þeirra fljótlega í glemsku, ómerkt og óskráð í bækur garðsins af einhverjum ástæðum,“ segir Ágúst H.

Bjarnason grasafraeðingur en langafi hans, Jón Ólafsson var hálfbróðir Páls.

Kristján Eldjárn, fyrrum þjóðminjavörður og síðar forseti Íslands, skrifar í dagbók sína árið 1947:

*„Hélt áfram að viða að mér upplýsingum um legstaði íslenskra skálda... Náði tali af Birni Kalman, sem mun vera eini maður, sem veit, hvar Páll Ólafsson er grafinn, og lofaði hann að láta kirkjugarðsyfirvöldin vita um staðinn og merkja hann. Segir Björn, að búið sé að grafa einu sinni ofan á reitinn. Engin frágangssök er þó að setja minnisvarða þar. En svona getur komið fyrir á okkar dögum. Legstaður Páls Ólafssonar gleymdur í miðri Reykjavík á 40 árum!“*

Enn átti þó langur tími eftir að liða uns gröf Páls Ólafssonar taldist fundin en það gerðist á síðasta ári.

## Jarðsettur í fósturstellingu

„Páll Ólafsson langafabroðir minn var alltaf í miklu uppáhaldi í mínum uppvexti og hefur raunar verið allar götur síðan.“



„Páll Ólafsson langafabroðir minn var alltaf í miklu uppáhaldi sem skáld í mínum uppvexti og hefur raunar verið allar götur síðan.“



Páll Ólafsson var eitt af höfuðskáldum 19. aldar og einkum þekktur fyrir ástarljóð og hestavísur.

götur síðan. Þegar ég komst til vits og ára varð mér kunnugt um að gróf þeirra hjóna væri týnd. Ég hóf skipulagða leit að henni fyrir nokkrum árum eða um svipað leyti og langafabörn Páls þær Ásdís og Hildur

## Safnað fyrir minningarmarki

Á hugahópur um Pál Ólafsson skáld safnar nú fyrir grafarmerki á leiðið sem fannst í Hólavallagarði. Þeir sem hafa áhuga á að leggja söfnuninni lið geta lagt smá fjárhæð inn á reikning í Sparisjóði Suður-Þingeyinga nr. 1110 – 15 – 203040 með kennitölu 301245 3869. Einnig er unnt að hafa samband við Ágúst á netfangið [agusthbj@gmail.com](mailto:agusthbj@gmail.com)

Hópurinn kom saman í garðinum til að skoða jarðsjármyndirnar og til að taka ákvörðun um hvernig haga skyldi merkingu á leiði hjónanna Páls og Ragnhildar. Var Þór Sigmundssyni falið að hanna og smíða minningarmarkið eftir hugmyndum sem hópurinn setti fram. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma buðust til að greiða allan kostnað við uppsetningu þess.



Þeirr Ágúst og Heimir Janusarson, umsjónarmaður Hólavallagarðs (t.h.) höfðu veg og vanda af leitinni að gróf Páls og Ragnhildar.

Kalman. Nutum við aðstoðar Heimis Janusarsonar, umsjónarmanns Hólavallagarðs, sem brást vel við og tók okkur ljúfmannlega og aðstoðaði á alla lund,“ segir Ágúst. Og hann heldur áfram:

„Pabbi sagði mér að Páll hefði dáið í fósturstellingu með hönd undir kinn og beðið um að vera þannig settur í kistu. Því vissi ég að kista hans væri öðru vísi í lögun en þessar hefðbundnu. Auðveldaði þetta leit að gröfinni. Ég vissi líka að frú Ragnhildur hafði gróðursett baldursbrá á leiði bónda síns og leitaði ég að leifum hennar í garðinum, án árangurs.“

### Jarðsjá til skjalanna

Þegar hér var komið sögu óskaði Ágúst eftir því að Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, færi með jarðsjá yfir leiðin á þeim stað sem þeir Ágúst og Heimir töldu að gróf Páls væri helst að finna.

„Ármann fór, ásamt doktorsnema sínum, með jarðsjá yfir nokkur leiði í Hólavallakirkjugarði til að leita að því sem næst ferningslaga kistu. Sú leit stóð yfir í 10 daga og bar loks árangur á svæði rétt við leiði Jóns hálfbróður Páls. Þar var komið niður á kistur tvær, annars vegar hefðbundna og hins vegar með því formi sem Páll var lagður til hvíldar í. Var þetta eina kistan með þeirri lögun sem fannst við yfirferð á allmörgum leiðum í garðinum. Við Heimir teljum 99.5% líkur á að þetta sé kista Páls og að gröfin sé fundin. Þess má geta að Ármann gaf alla vinnu í þessu verkefni og kunnum við honum og Háskóla Íslands bestu þakkir fyrir aðstoðina,“ segir Ágúst H. Bjarnason.

# Skáld ástarinnar í íslenskum bókmenntum



Páll Ólafsson skáld og kona hans Ragnhildur Bjarnardóttir. Myndin er tekin árið 1899. Páll var þá 72 ára, en kona hans 55 ára.

**P**áll Ólafsson fæddist á Dvergasteini við Seyðisfjörð þann 8. mars 1827 og dó 23. desember 1905. Hann var jarðsettur í Hólavallagarði í Reykjavík. Foreldrar hans voru Ólafur Indriðason (1796-1861), síðar prestur á Kolfreyjustað og kona hans Þórunn Einarsdóttir (1793-1848).

Páll var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Þórunn Pálsdóttir (1811-1880). Seinni kona var Ragnhildur Björnsdóttir (1843-1918), frænka Þórunnar. Páll eignaðist fimm börn með Ragnhildi en aðeins tvö þeirra komust á legg.

Páll stundaði heimanám hjá föður sínum og var svo við nám einn vetur hjá Sigurði Gunnarssyni alþingismanni í Vallanesi. Páll var bóndi á nokkrum stöðum eystra áður en hann fluttist til Reykjavíkur vorið 1905. Hann var alþingismaður Norðmýlinga árin 1867-1875 en sagði þá af sér þingmennsku. Páll var hálfbróðir Jóns Ólafssonar ritstjóra og alþingismanns.

Páll varð snemma landsþekktur fyrir snjallar og gaman-samar lausavísur og mjög persónulega ljóðagerð og voru lausavísur hans á hvers manns vörum. Meðal þekktustu ljóða hans eru Lóan er komin, Ó blessuð vertu sumarsól, Gott áttu hrísla, Sólskríkjan mín situr þarna á sama steini o.fl. Einnig orti hann mörg hundruð ástarljóð til seinni konu sinnar, Ragnhildar. Fá ástarljóðanna voru gefin út um hans daga en þorri þeirra 66 árum eftir dauða hans.

Hér eitt fjölmarga ástarljóða sem Páll Ólafsson orti til konu sinnar:

## Ragnhildur

*Ástin bægir öllu frá,  
enda dauðans vetri,  
af því tíminn er þér hjá  
eilífðinni betri.*

*Ástin þín er ekki dyggð,  
ekki skylda heldur,  
hún er ekki heldur tryggð,  
hún er bara eldur.*

*Þegar ég hef þreytta lund  
og þoli stundum ekki við,  
kemur þú með mjúka mund,  
mýkir sár og gefur frið.*

*Minnisstæð er myndin þín  
mér á nótt og degi.  
Hún er eina unun mín  
á ævilöngum vegi.*

# Blóm á leiði

Bjóðum upp á mikið úrval blóma á grafreiti.



Heiðmörk 38  
810 Hveragerði  
Sími 483 4800  
Fax 483 4005  
flora@floragardyrkjustod.is



**FLÓRA**  
GARDYRKJUSTÖÐ

## LÍKKISTUR – HVÍTAR OG SPÓNLAGÐAR



Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

*Sendum hvert á land sem er.*



**TRÉSMÍÐJAN STÍGANDI**  
/FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

Húnabraut 29 - 540 Blönduósi - Sími 452 4123  
gummi@stigandihf.is - [www.stigandihf.is](http://www.stigandihf.is)

Minningarmarkið

# Páll Ólafsson og Ragnhildur Björnsdóttir

**N**ú á vordögum var komið fyrir minningarmarki um Pál Ólafsson skáld og konu hans Ragnhildi Björnsdóttur í Hólavallagarði en menn telja sig nú vita með vissu hvar leiði þeirra sé að finna. Við ræddum stuttlega við Þór Sigmundsson í Steinkopmaniinu en hann smíðaði minningarmarkið.

„Þetta óvenjulega minningarmark er um 70 cm á kant eða ferningslaga eins og talið er að kista Páls hafi verið. Hæðin er um 60 cm. Þyngdin á steininum er á milli 800 og 900 kíló þannig að við þurftum krana af stærri gerðinni til að koma honum fyrir í garðinum. Allt tókst það með ágætum,“ segir Þór í spjalli við Bautastein.

Á steininum er að finna þetta fallega erindi úr kvæði Páls sem hann orti til konu sinnar skömmu fyrir dauða sinn:

*Dauðans þó ský  
dragi yfir okkur þá mundu eftir því  
að ást okkar logar og lifir  
leiðunum yfir*

Það voru niðjar og frændur Páls og Ragnhildar sem höfðu frumkvæði að gerð minningarmarksins um þau hjón eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Þór segir að hann haf átt gott samstarf við Ásdísí Kalman listakonu og langafabarn skáldins um gerð minningarmarksins.



Minningarmarki Páls og Ragnhildar hefur verið komið fyrir í Hólavallagarði. Eftir er að ganga frá umhverfi þess.





Á steininum er að finna baldursbrár en Ragnhildur gróðursetti þá fallegu jurt á leiði bónda síns.

„Við vorum sammála um að hafa steininn látlausan og einfaldan og Ásdís teiknaði upp baldursbráran sem er eina myndmálið sem er að finna á steininum. Við völdum grágrýtið íslenska í steininn en kostir þess eru m.a. þeir að það veðrast tiltölulega fljótt og fær á sig þann blæ á nokkrum árum að það hafi verið lengi í garðinum. Ég verð að segja að ég er mjög ánægður með útkomuna og að leiði þessara merku hjóna hafi loksins verið sýndur sá sómi sem þau eiga skilið,“ segir Þór í Steinkompaníinu að lokum.

## Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar  
& sláttuorf



Snjóblásarar

# STIGA

Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár  
á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | [vetrarsol.is](http://vetrarsol.is)



**VETRARSÓL**



Sögutorgið við hlið Höskuldsstaðarkirkju geymir m.a. elsta stuðlabergsstein landsins með rúnalettri.

Höskuldsstaðakirkjugarður

# Sögutorg sem sómir sér vel

**S**ögutorg var sett upp í kirkjugarðinum á Höskuldsstöðum í Skagabyggð þar sem komið var fyrir einum elsta stuðlabergslegsteini með rúnalettri á landinu, gömlum minningarkerkjum og ágripi af sögu kirkjunnar og staðarins.

## Kirkjustaður frá 11. öld

Höskuldsstaðakirkjugarður er í Skagastrandarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi. Talið er að kirkja hafi verið reist á Höskuldsstöðum á 11. öld en fyrst er þó getið þar prests í heimildum árið 1309. Núverandi kirkja var vígð árið 1963 og var prestssetur á Höskuldsstöðum til ársins 1964.

„Ég las í grein eftir Magnús Björnsson á Syðra-Hóli að prestar hafi verið mjög þaulsætnir á Höskuldsstöðum og að af 20 prestum frá siðaskiptum til 1944 væru 13 jarðaðir þar,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður sóknarnefndar.

Kirkjugarðurinn var stækkaður til norðurs árið 1925 og girtur með vírneti, en áður var þar trégrind. Árið 1932 var ákveðið að leggja niður syðri hluta hans, eða elsta hlutann, þar sem ekki var pláss fyrir fleiri grafarstæði. Elsti hlutinn var síðan sléttaður með jarðýtu rúmum tveimur áratugum síðar og eftir það var farið að gróðursetja þar trjágróður. „Það var samþykkt þegar elsti hlutinn var lagður niður að láta minnismerkinn óhreyfð; trúlega hafa þau flest verið orðin svo léleg að það hefur verið ákveðið að halda ekki upp á nema þau heillegustu þegar garðurinn var sléttaður,“ segir Björg.

Allmikið var gróðursett af víði með fram suðurkanti garðsins á árunum 1990-2000.

## Lagfæringar á garðinum

Björg segir að fólk hafi verið búíð að ræða um að garðurinn væri orðinn leiðinlegur „Grasið var ekki slegið nema



Björg Bjarnadóttir. „Í sameiningu ákváðum við staðsetningu á þessu sögutorgi sem næst þeim stað sem elstu menn mundu eftir að rúnasteinninn hefði verið en hann hafði verið fluttur til nokkru fyrir síðustu aldamót.“



Falleg sýnishorn 19. aldar minningarmarka.



Gömlu minngarmörkin flutt á framtíðarstað.



Frá nýrri hluta Höskuldsstaðagarðs.

## Höskulds- staðarkirkja

**K**irkja hefur trúlega verið reist á Höskuldsstöðum á 11. öld og var hún helguð Maríu guðsmóður og Péttri postula í kaþólskum sið. Prests er fyrst getið á Höskuldsstöðum 1309, hét sá Gamli. Á Höskuldsstöðum fæddust þeir bræður Sigurður Stefánsson og Ólafur Stefánsson stiftamtmaður, ættfaðir Stephen-senanna en Stefán Ólafsson faðir þeirra var prestur á Höskuldsstöðum frá 1722 til æviloka er hann druknaði í Laxá árið 1748.


Timburkirkja var byggð á Höskuldsstöðum á árunum 1874-1877 og stóð hún sunnan við kirkjugarðinn þar til hún var seld til niðurrifs 1964. Núverandi kirkja er steinsteypt en hún var vígð 31. mars 1963. Hún tekur 100 manns í sæti. Yfirsímiður var Einar Evensen á Blönduósi. Kirkjan á marga merka gripi, t.d. íslenskan silfurkaleik og platinu frá 1804 og altarisöflu eftir Þórarin B. Þorláksson. Tvær gamlar klukkur eru í kirkjunni, önnur frá 1733 en hin frá 1737.



Höskuldsstaðarkirkja. Kirkjugarðurinn og Stafanúpurinn í baksýn.



YFIRLITSMYND FRÁ SUÐVESTRI



YFIRLITSMYND YFIR SÖGUTORG



GRUNNMYND

## HÖSKULDSSTAÐIR

TILLAGA AÐ "SÖGUTORGI"  
Mkv. 1:50 (A2)

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs  
Nóvember 2016



Rúnalegsteinninn fluttur yfir á Sögutorgið.

tvisvar á ári og var orðið erfitt að slá það. Svo var kosin ný sóknarnefnd árið 2014 og var í kjölfarið ákveðið að ráðast í endurbætur. Það var reyndar búið að gera upp hluta af girðingunni um kirkjugarðinn en aðrir hlutar hennar voru orðnir lélegir. Svo hafði trjágróður ekki verið klipptur eða grisjaður og það var kominn tími á það. Hann naut sín ekki eins og hann var. Það var ráðist í það sumrin 2015 og 2016 að endurbyggja girðinguna, lagfæra garðflötina og klippa og lagfæra trjágróður. Einnig gerðum við átak í því að leiði sem væru þekkt væru merkt en margir aðstandendur tóku sig til og merktu leiði ástvina sinna sem kannski hafði dregist lengi. Við settum

## FALLEGIR LEGSTEINAR



**Bergsteinar**  
legsteinagerð efh.

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi  
sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)



Sögutorgið vígt 26. sept 2018.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

# VANDAÐIR KROSSAR Á LEIÐI

3ja ára ábyrgð

**LS** LJÓSASMIDJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVEÐLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegur 34, Brún gata | 200 Kópavogur  
velaverkjs@simnet.is | velaverkjs.is / slattuvel.is **S. 554 0661**

steina þar sem voru upphlaðin leiði sem enginn þekkti. Þá voru lagfærð gömul minnismerki og fjarlægðar lélegar leiðisgrindur í samráði við ættingja hinna látnu. Afgirta svæðið umhverfis kirkju og kirkjugarð hafði verið stækkað nokkru eftir að núverandi kirkja var byggð og nýjasti hlutinn, sem er norðan við kirkjuna, var vígður árið 2016.“

### Sögutorgið

Rúnalegsteinn hefur legið í garðinum í aldir og er um að ræða einn elsta stuðlabergslegstein með rúnalettri á Íslandi. Björg segir að til séu heimildir frá 1820 þar sem séra Jón Pétursson sendi skýrslu til fornleifanefndar í Kaupmannahöfn um að „stuðul- eða basaltsteinn“ hafi fundist á staðnum. Á einn kantinn hafi verið „klöppuð lína af rúnalettri“. Fyrir nokkrum árum var farið að huga að því hvar hann væri en hann fannst ekki strax sökum þess að hann var hulinn gróðri. Þá haldi gróðurinn að hluta fleiri minningamörk. Steinninn, sem er stuðlabergsdrangur, er rúmí tveir metrar að lengd og með rúnalettri og stendur á honum: „Huer hvílir sira Marteinn prestur.“ Talið er að um sé að ræða séra Martein Þjóðólfsson sem var prestur á Höskuldsstöðum á 14. öld.

Björg segir að uppi hafi verið vangaveltur um varðveislu rúnasteinsins og að Guðmundur Rafn Sigurðsson hafi fengið þá hugmynd að byggt yrði sögutorg í elsta hluta garðsins þar sem var slétt svæði með trjágróðri, fánastöng og gamall hestasteinn. „Í sameiningu ákváðum við staðsetningu á þessu sögutorgi sem næst þeim stað sem



Nærmynd af rúnasteininum.

elstu menn mundu eftir að rúnasteinninn hefði verið en hann hafði verið fluttur til nokkru fyrir síðustu aldamót.“

Byrjað var að byggja upp sögutorgið sumarið 2018 og hlóð Helgi Sigurðsson hleðslumaður veggjanna úr hnausum og grjóti og hellulagði milli veggjanna með náttúrugrjóti. Einnig hlóð hann bálk úr grjóti innan veggjanna sem undirstöðu fyrir rúnasteininn. Þá var þökulagt yfir vegghleðsluna. Rúnasteininum var síðan komið þar fyrir

og á sögutorginu er bekkur þar sem fólk getur setið. Sögutorgið var vígt sama ár.

Sumarið 2019 var smíðaður stálrammi yfir rúnasteininn og glerplata fest þar ofan á. Innan sögutorgsins var jafnframt komið fyrir tveimur 19. aldar minnismerkjum. Annað er steinn með innfelldri marmaraplötu frá 1859 og hitt er minnismerki úr smíðajárni og með krossi frá 1879. Þá var grindverki komið fyrir sem Björg segist ekki vita aldur á.

Söguskilti var lokaverkefni framkvæmdanna og á því er stuttur texti og myndir þar sem hægt er að lesa ágríp af sögu kirkjunnar. Söguskiltið var fest á stuðlabergsdrang. Legstaðaskrá er á öðrum slíkum með uppdætti af nýrri hluta garðsins, nöfnum og leiðisnúmerum. „Þegar komið er að Höskuldsstaðakirkju er sögutorgið á hægri hönd og dregur óhjákvæmilega að sér athygli heimafólks og gesta.

Kirkjan, kirkjugarðurinn og sögutorgið mynda saman fallegan heildarsvip og þar er gott að koma. Þá er upplagt að setjast niður á bekk á góðviðrisdegi, njóta friðsældar umhverfisins og virða fyrir sér útsýnið yfir Húnaflóann til Strandafjallanna.“

## Memorial er nýtt fyrirtæki á íslenskum markaði

Við bjóðum legsteina og blómaramma úr graníti ásamt fallegum fylgihlutum

Nýjung á Íslandi, lasermyndir á legsteina

Skoðaðu verð og vöruframboð á vefnum okkar

# MEMORIAL

Fylgdu okkur á



www.memorial.is  
 memorial@memorial.is  
 Sími: 556 2600



## Vefurinn gardur.is í 20 ár

Arnfinnur Róbert Einarsson segir mikla vinnu óunna varðandi frumskráningu eldri gagna inn á vefinn gardur.is. Hins vegar séu upplýsingar um nýjar greftranir aðgengilegar daginn eftir jarðsetningu ef hún er skráð.

Á þessu ári eru 20 ár síðan vefur Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ), gardur.is, var tekinn í notkun. Vefurinn inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum víða um land. Vefurinn er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Við hittum að máli Arnfinnur Róbert Einarsson, umsjónarmann vefsins.

„Það má segja að með vefnum hafi upplýsingar um kirkjugarða og legstaðaskrár verið gerðar aðgengilegar almenningi með því að samnýta miðlægan hugbúnað fyrir alla kirkjugarða landsins. Þegar vefurinn var opnaður í júní 2001 var búið að forskrá í hann upplýsingar um legstaði liðlega 70 þúsund látinna á Íslandi. Sú skráning fór fram víða um land og var ærið verkefni. Við höfum fyrir nokkru uppfært bókunarkerfið í tengslum við heimasíðuna gardur.is og látið útbúa ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkerfi í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Nýja kerfið stendur öllum kirkjugörðum opið og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir

að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar,“ segir Arnfinnur í samtali.

### 155.000 nöfn skráð

Kirkjugarðar, sem jarðsett hefur verið í undanfarin 100 ár, eru vel á þriðja hundrað í landinu. Þegar er búið að skrá liðlega 155.400 nöfn í lagstaðaskrána og er hún uppfærð jafnóðum og greftrað er. Arnfinnur segir að mikil vinna sé óunnin varðandi frumskráningu eldri gagna inn á vefinn en ætlunin sé að halda því verki áfram á næstu árum. Þess má geta að vefurinn fékk lagagildi 2004 þegar til hans var vísað í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

„Í dag eru allar upplýsingar færðar inn í legstaðaskrána jafnóðum og greftrað er og fylgja hverri legstaðaskrá upplýsingar um viðkomandi garð ásamt uppdrætti og korti í mörgum görðum. Á tímum stafrænnar tækni og snjalltækja auðvelda þessi gögn fólki að finna leiði ástvina sinna í kirkjugörðum landsins auk þess að geyma mikilsverðar upplýsingar um gengnar kynslóðir. Rétt er






Duftreitirnir á Sóllandi voru vígðir 2009. Þar voru 242 duftker jarðsett 2020 eða 40% af duftgröfum hjá KGRP.

að undirstrika að kirkjugarðar landsins eru sameign allra landsmanna óháð uppruna, lífsskoðun eða trúfélagaaðild.

### Skráning sögu og hinsta vilja

Undanfarin ár hefur verið hægt að velja um þrjá kosti þegar kemur að legstöðum. Auk hefðbundinna kistugrafa er það jarðsetning í duftkeragarð, dreifing ösku innan kirkjugarðs og dreifing á ösku utan skipulegra svæða yfir öræfi eða sjó. Í öllum tilvikum eru upplýsingar um legstað færðar í legstaðaskrá og geta þeir sem það kjósa fengið æviágrip viðkomandi skráða með því að senda inn ítarefni og myndir á slóðina gardur.is Þar er einnig hægt að skrá niður óskir um skipulag og framkvæmd útfarar og kemur sú beiðni þá fram þegar viðkomandi deyr og tryggir hún að hægt sé að fara að vilja viðkomandi.

„Eitt af meginmarkmiðunum með stofnun legstaðaskrárinnar var að veita almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil.“



## HARPA ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir  
s. 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær  
s. 842 0204 | [www.harpautfor.is](http://www.harpautfor.is)

## Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP)

# Stytttri afgreiðslutími á föstudögum

Samningsbundin stytting vinnuvikunnar, úr 40 tímum í 36 tíma, tók gildi hjá KGRP eins og mörgum öðrum fyrirtækjum í ársbyrjun 2021. Ákveðið var við undirbúning styttingarinnar að hafa 3ja mánaða tilraunartímabil og velja síðan fyrirkomulag til framtíðar. Eftir skoðanakönnun meðal starfsmanna í nóvember 2020 var ákveðið að framkvæmd styttingarinnar á tilraunartímabili yrði samkvæmt vali hvers starfsmanns fyrstu þrjá mánuðina og sjá síðan til. Möguleikarnir voru þrír:

- Stytting um 48 mínútur á morgnana (tveir starfsmenn völdu þennan kost).
- Stytting um 4 klukkutíma einu sinni í viku, annað hvort fyrirhluta dags eða seinnihluta (seinni hluti föstudaga voru vinsælastir).
- Ákveðinn vikudagur valinn og stytting um 8 tíma á hálfmánaðar fresti (flestar völdu föstudaga og nokkrir mánudaga).

Í ljós kom að flókið var að halda utan um slíka frítöku hjá 32 starfsmönnum sem voru á 6 starfsstöðum og sinntu ólíkum verkefnum. Í ljósi þeirrar reynslu og með hliðsjón af niðurstöðu skoðanakönnunarinnar meðal starfsmanna hófust umræður forstjóra og starfsmanna um að framtíðarfyrirkomulag yrði með þeim hætti að unnið yrði til kl. 12:00 á föstudögum og þá yrði vinna lokið. Þar með væri styttingin afgreidd með sama hætti hjá öllum starfsmönnum og gildandi kjarasamningum fullnægt.

Ljóst var við undirbúningsvinnu að það fyrirkomulag, að ljúka vinnuviku kl. 12:00 á föstudögum, hefur engin áhrif á útfarartímana á föstudögum sem verða áfram í sóknar- og safnaðarkirkjum kl. 11:00; 13:00 og 15:00 og einnig kl. 10:00 í Fossvogi (sjá síðar). Við breyttar aðstæður munu prestar og útfararstjórar, í samráði við aðstandendur, raða bálforum niður á föstudagana en þá er kistan ávallt flutt í líkhúsið í Fossvog eftir útför en ekki jarðsett í garði. Útfararstjórar á höfuðborgarsvæðinu hafa aðgengi að líkhúsinu í Fossvogi og munu annast flutninga frá útförum á höfuðborgarsvæðinu í líkhús með sama hætti og þeir hafa gert í fjöldamörg ár. Einnig er hægt að hafa útför í Fossvogi á föstudögum kl. 10:00, þegar ákveðið hefur verið að hafa jarðarför (jarðsetja kistu).

Ákveðið var að kynna þessa hugmynd og fá fram viðbrögð hlutaðeigandi aðila, s.s. presta, útfararstjóra og tónlistarfólks og var það gert eftir miðjan febrúar sl. Aðeins þrjár athugasemdir bárust og byggðu þær að hluta til á misskilningi og að hluta á kvörtun um skerta þjónustu frítökudaginn.



Fossvogskapella. Starfsmenn KGRP ljúka vinnudegi kl. 12:00 á hádegi á föstudögum en með því styttist vinnuvikan um 4 klukkutíma.

Forstjóri lagði síðan fram tillögu á fundi framkvæmdastjórnar KGRP 9. febrúar sl., um að starfsmenn, allir sem einn, lykju vinnuvikunni kl. 12:00 á föstudögum, fyrst föstudaginn 9. apríl og síðan framvegis á föstudögum, og var tillagan samþykkt samhljóða.

Frá og með föstudeginum 9. apríl munu starfsmenn KGRP því ljúka vinnudegi kl. 12:00 á hádegi og verður það fyrirkomulag áfram á föstudögum eins og áður sagði. Með þessu styttist vinnuvikan um 4 klukkutíma. Þessi leið einfaldar framkvæmd umsáminnar vinnuvikustyttingar og kemur í veg fyrir misskilning milli starfsmanna og mistök vegna þess. Hún er afgreidd til allra starfsmanna í einu á sama tíma.

### Fyrirkomulagið verður eftirfarandi á föstudögum:

- Hægt verður að bóka útfarir í athafnarými hjá KGRP í Fossvogi á föstudögum kl. 10:00 og verða kistur jarðsettar eftir útförina. Athafnarýmið í Fossvogi verða lokuð fyrir útfarir sem hefjast síðar á föstudögum.
- Tekið verður á móti kistum til jarðsetningar frá útförum sem hefjast kl. 10:00 á föstudagsmorgnum en ekki frá útförum sem hefjast síðar. Tekið verður á móti duftkerum til jarðsetningar til 11:15 á föstudagsmorgnum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu KGRP í síma 585 2700 og í Fossvogskirkju í síma 585 2750.

Starfsfólk og stjórn KGRP.



Hótel Laugarbakki er í Miðfirði, mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Kirkjugarðasamband Íslands

# Aðalfundur á Laugarbakka

**A**ðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands 2021 verður haldinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði laugardaginn **18. september nk.** Á þeim fundi verður gerð grein fyrir ársreikningum sambandsins 2019 og 2020 og þeir ræddir og afgreiddir. Dagskrá fundarins verður fróðleg og skemmtileg að vanda og málefni Kirkjugarðasambandsins rædd í þaua.

Hótel Laugarbakki er í Miðfirði, mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Frá hótelinu er útsýni yfir Miðfjarðará, eina frægustu laxveiðiá landsins. Í nágrenninu eru söguslóðir

Vatnsenda-Rósu og klettadrangurinn Hvítserkur gnæfir yfir sjávarmálinu.

Öll herbergi Hótel Laugarbakka eru með sérbaðherbergi, flatskjá, skrifborði og ókeypis netsambandi. Á hótelinu er úrvals veitingastaður og góð aðstaða til hvers konar afþreyingar. Aðalfundarfulltrúar þurfa sjálfir að sjá um skipulag ferða til og frá Laugarbakka.

Skráning á aðalfundinn er á slóðinni: [gardur.is/adalfundur](http://gardur.is/adalfundur)



## FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfván  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512



Sími: 565 9775  
[www.uth.is](http://www.uth.is)  
[uth@uth.is](mailto:uth@uth.is)

VIÐ ERUM  
MEÐ ÞÉR  
TIL ÖRYGGIS



# Við erum snjallari með þér **til öryggis**

**Snjallhnappurinn er ný og snjallari kynslóð öryggishnappsins**

Snjallhnappur er ný kynslóð öryggishnappa fyrir eldri borgara og þá sem þurfa heilsu sinnar vegna að geta kallað eftir tafarlausri aðstoð. Auk hefðbundins öryggishnapps sem hægt er að ýta á í neyð býður kerfið upp á snjallar nýjungar sem stuðla að velferð og tryggja öryggi notandans.

**Snjallhnappurinn gjörbyltir gæðum og skilvirkni  
umönnunar við aldraða og fatlaða.**

Hafðu samband í síma 570 2400 eða á [snjallhnappur.is](http://snjallhnappur.is) og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum okkar í velferðartækni. Einnig er hægt að panta fjölskyldufund til að fara yfir aðstæður og mögulegar lausnir.